

## MINNISBLAÐ

### DAGS.

14.08.2019

Kl. 13.00 – 16:20

### EFLA

Ásgeir Jónsson

Gísli Gíslason

### MÁLEFNI

**Svæðisskipulag Suðurlandis - forathugun**

### FUNDAMENN

Ari Björn Thorarensen, Helgi S. Haraldsson, Ásta B. Ólafsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Rósa Matthíasdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason, Einar Freyr Elínarson, Páll Tómasson, Jón Hrafn Karlsson, Jóna Björk Jónsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Lilja Einarisdóttir, Haraldur Eiríksson, Eva Björk Harðardóttir, Helgi Kjartansson, Bjarni Guðmundsson, Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson.

## Fundur um svæðisskipulag Suðurlandis

Eva Björk bauð fundamenn velkomna – minnti á ályktanir SASS í tengslum við sameiginlega sýn í skipulagsmálum á hálendinu og hugmyndir um miðhálandisþjóðgarð.

Gísli Gíslason kynnti vinnu- og skipulagsferli, möguleg efnistöð og aðferðafræði við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandið (sjá meðfylgjandi glærुकynningu).

Fundarmönnum var skipt í 3 vinnuhópa þar sem fjallað var um fjórar spurningar, 1-4, varðandi gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandið. Helstu efnisatriði sem fram komu í vinnuhópum er listuð upp hér á eftir:

### Nr. 1: Hvers vegna er þörf á svæðisskipulagi

- Styrkja skipulagsvald sveitarfélaganna á svæðinu.
- Sveitarfélögin eru mun sterkari sem ein heild, heldur en hvert fyrir sig.
- Sýna fram á að sveitarfélögin ráði vel við skipulag stærri svæða.
- Sveitarstjórnir eru kosnar á lýðræðislegan hátt.
- Samræma skipulag á hálendinu m.t.t. náttúrverndar, nýtingar og samgangna, en samgöngur (þ.m.t. göngu-, reið- og hjólaleiðir) eru einn af stóru þáttunum í skipulagi hálendisins.
- Mikilvægur liður í markaðssetningu svæðisins.
- Hafa frumkvæði að nýtingu og til að verja hagsmuni svæðisins.

Almennt kom fram hjá öllum hópum að styrkja þurfi skipulag á svæðinu með hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga í huga og að þekking heimamanna, áhugi og núverandi nýting sé öflugasti grunnurinn til að skipuleggja svæðið.

## Nr. 2: Hvaða landnotkunarbættir eru mikilvægastir og hvers vegna

- Samgöngur, einkum vegir og gönguleiðir. Mynda samfellu fyrir allt svæðið. Góðar samgöngur gera aðra nýtingu mögulega.
- Ferðapjónusta – (verslun og þjónusta).
- Hefðbundin nýting; beitarnýting og veiðinytjar.
- Orkuvinnsla og orkuflutningur; einkum vatnsorka og vindorka. Áfram verður þörf á nýtingu orku.
- Landgræðsla; uppgræðsla lands.
- Náttúruvernd; þjóðgarður og önnur friðlýst svæði.
- Aðrar auðlindir; neysluvatn, efnistaka til staðbundinnar nýtingar. Vernda þarf kaldvatnsauðlindina sérstaklega.
- Almannaþarnir og náttúruvú (viðbragðsáætlanir).

Almennt kom fram hjá öllum hópum að verna þurfi vatnsauðlindina, áfram þurfi að nýta orku á landinu og að viðhalda skuli hefðbundinni nýtingu svæðisins.

## Nr. 3: Hvernig á að skilgreina mörk skipulagssvæðisins (þjóðlendur, mörk afrétta, náttúrufar/landslagsheildir)

- Þjóðlendur verði meginlínan, er einu lögfestu mörkin þó línan sé víða sérkennilega staðsett með tilliti til landslagsheilda.
- Landslagsheildir marki línuna.
- Hvert og eitt sveitarfélag marki sína línu.

Fram kom hjá öllum hópum að skiptar skoðanir eru um mörkin. Það flæki málið þegar einkalönd komi inn í skipulagsferlið en á móti kom fram að skipulag tekur iðulega til einkalanda. Fundarmenn voru almennt sammála um að hvert sveitarfélag fyrir sig ákveði hvar mörkin eigi að vera.

## Nr. 4: Nefnið annað sem skiptir máli s.s. verklag, samráð og kynningar

- Hvert og eitt sveitarfélag kynni verkefnið vel heima fyrir.
- Öll sveitarfélögin leggi sínar áherslur inn í vinnuna. Hvert sveitarfélag getur boðað til íbúafunda heima fyrir til að kynna hugmyndir um vinnuna og sem lið í upplýsingaöflun heima fyrir.
- Unnið verði á forsendum íbúa sveitarfélaganna. Hægt er að stofna minni hópa þar sem 2-3 sveitarfélög fari saman yfir málin með skipulagsfulltrúum.
- Vanda vinnubrögð og gefa verkefninu nægan tíma.
- Skapa traust um vinnuna m.a. með að hlusta á allar raddir og að sem flestir geti haft áhrif á vinnuna.
- Mikilvægt er að hvert sveitarfélag vinni í nánú samráði við nytjahafa (bændur, veiðifélög, ferðapjónustuaðila).
- Samráð verði um landgræðslu og landvernd.
- Lögð verði áhersla á góða kynningu og samráð („svo afkvæmið lifi og dafni“).
- Sveitarfélögin telja nauðsynlegt að fara í gerð svæðisskipulags fyrir svæðið, m.a. vegna hugmynda um þjóðgarð á miðhálandinu sem ríkisvaldið setur fram án nægjanlegs samráðs við sveitarfélögin. Ekki hefur verið lagt mat á kosti og galla þjóðgarðs, t.d. hvort hann muni kalla á stórauðna ásókn á hálandið.
- Sveitarfélögin taka síðan ákvörðun hvert um sig hvort þau vilji vera þátttakendur í verkefninu. Á næsta fundi vinnuhópsins verði farið yfir „lýsingu“ á verkefninu sem verði lögð fyrir sveitarfélögin.

Almennt kom fram í umræðum að æskilegt sé að fara í svona vinnu. Sótt sé að sveitarfélögum og gefið í skyn að þau valdi ekki skipulagsverkefninu á hálendinu, of fáir komi að skipulagi þess og/eða hagsmunir þjóðarinnar kalli á að fleiri eigi að koma að skipulagi svæðisins. Svæðisskipulag Suðrhálendis sé gott innlegg inn í skipulag hálendisins í heild, þ.m.t. umræðu um stofnun þjóðgarðs á svæðinu. Fram kom að halda beri í hefðbundnar nytjar og rík áhersla verði á öryggissjónarmið og almannavarnir.

### Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn á Flúðum kl. 13 þ. 3. september. Skoðað verður hvort fulltrúi Skipulagsstofnunar taki þátt í hluta þess fundar og kynni landsskipulagsstefnu. Á fundinum verður farið yfir drög að lýsingu fyrir verkefnið og eftir atvikum grófa kostnaðaráætlun.

